

3. Fundur verkefnisstjórnar Brothættra byggða 2 – Undirbúningsnefnd ROF

Mætt á fundinn:

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, Kristján Þ. Halldórsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir og Olga Friðriksdóttir.

Fundur settur kl. 13:00

Eftirfarandi mál voru á dagskrá:

1. Úthlutun styrkja vegna verkefnisins Raufarhöfn & framtíðin

1. **Úthlutun styrkja vegna verkefnisins Raufarhöfn & framtíðin**

Á 2. fundi verkefnisstjórnar sem haldinn var 30. apríl sl. var skipað í undirbúningshópa. Um var að ræða tvo hópa, annar fyrir Raufarhöfn & framtíðin (ROF) og hinn fyrir Öxarfjörð í sókn (ÖÍS) og var þessum hópum ætlað að fara yfir allar umsóknir á sínu svæði og koma með tillögur að styrkjum til verkefnisstjórnar. Verkefninu ROF bárust alls 10 umsóknir og fór undirbúningsnefnd yfir þær umsóknir og komu með tillögur fyrir verkefnisstjórn.

Verkefnisstjóri mun svo taka saman þessar tillögur og setja saman greinargerð sem send verður verkefnisstjórn fyrir úthlutunarfund sem fram fer þann 11 júní 2025.

Fleira ekki gert og fundi slitið 16:00

Fundargerð ritaði Nanna Steina